

## Fundur formanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalagsins með forsætisráðherra 10. janúar 2019.

### Nokkrir minnispunktar varðandi vistun fatlaðs fólks.

#### I. Vistun fatlaðra barna á stofnunum.

Landssamtökin Þroskahjálp sendu forsætisráðuneytinu erindi í mars 2008 þar sem farið var fram á sérstaka rannsókn á aðbúnaði fatlaðra barna á stofnunum á vegum opinberra aðila á árum áður. Í erindinu var ekki tilgreint hvaða stofnanir um væri að ræða og var því augljóst að átt væri við allar stofnanir þar sem fötluð börn höfðu verið vistuð. Samtökin sendu ráðuneytinu ítrekanir á þessu erindi sínu á næstu árum.

Í frétt sem birtist á heimasíðu forsætisráðuneytisins 6. júlí 2012 og hefur yfirskriftina „Vistheimilanevnd endurskipuð – falið að rannsaka aðbúnað barna með fötlun“ segir: „Nefndinni hefur verið falið að skoða fyrst starfsemi Kópavogshælisins á árum áður.“<sup>1</sup>(Undirstr. Þroskahjálpar).

Í erindisbréfi forsætisráðherra, dags. 4. júlí 2012, var vistheimilanevnd falið að skoða vistun barna á Kópavogshæli. Í erindisbréfi ráðuneytisins segir m.a.:

„Loks skal nefndin ef ástæða þykir til gera tillögu um rannsókn á öðrum stofnunum þar sem fötluð börn voru vistuð.“

Af framangreindu má ljóst vera að frá upphafi var gert ráð fyrir að staðir þar sem fötluð börn voru vistuð yrðu rannsakaðir ef tilefni væri til en ekki einungis Kópavogshælið.

Vistheimilanevnd skilað stjórnvöldum skýrslu sinni um Kópavogshælið um áramótin 2016-2017.<sup>2</sup> Kafli VII í skýrslunni hefur yfirskriftina „TILLÖGUR NEFNDARINNAR“. Í 3. hluta hans er fjallað um tillögur nefndarinnar og hluti 3.1. hefur yfirsögnina „Er þörf á að rannsaka aðrar stofnanir þar sem fötluð börn voru vistuð?“. Þar segir m.a. á bls. 342:

*Þegar gögn um viðhorf til fatlaðs fólks og stöðu málaflokksins eru metin heildstætt verður nefndin að telja að sannfærandi rök standi til þess að gera það með einhverju móti kleift að kanna og taka afstöðu til þess hvort og í hvaða mæli börn á öðrum stofnunum en Kópavogshæli hafi sætt illri meðferð og ofbeldi. Spurningin er hins vegar hvernig þessu verði best fyrir komið*

<sup>1</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/allar-frettir/frett/2012/07/06/Vistheimilanevnd-endurskipud-falid-ad-rannsaka-adbunad-barna-med-fotlun/>

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2017/skyrsla-nefndar-vistheimilanevndar---kopavogshaeli.pdf>

og hvort ástæða sé til að móta til framtíðar nýtt fyrirkomulag um uppgjör við fortíðina að þessu leyti.

Á bls. 343-344 í skýrslunni undir fyrirsögninni „3.1.3 Tillaga um fyrirkomulag könnunar á illri meðferð og ofbeldi og uppgjör sanngirnibóta“ er fjallað um núverandi fyrirkomulag og í lok þeirrar umfjöllunar þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að jafnræðis sé gætt gerir vistheimilanevnd eftirfarandi tillögu til stjórnvalda:

**Vistheimilanevnd mælir eindregið með því að mótað verði nýtt fyrirkomulag um könnun og uppgjör sanngirnibóta vegna illrar meðferðar og ofbeldis gagnvart börnum á stofnunum.** (feitletr. Proskahj.)

Með vísan til þess sem að framan er rakið og jafnræðisreglu laga og mannréttindasamninga sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að virða og framfylgja, skora Landssamtökin Proskahjálpar á forsætisráðherra að beita sér fyrir því með tiltækum ráðum og svo skjótt sem verða má að tryggt verði að allir fatlaðir einstaklingar sem voru vistaðir sem börn annars staðar en á Kópavogshæli og hljóta því að teljast sambærilegir m.t.t. þess sem máli skiptir í þessu sambandi fái sambærilegan rétt og þeir sem voru vistaðir sem börn á Kópavogshæli.

## II. Vistun fatlaðs fólks á stofnunum.

Þá vilja Proskahjálpar og Öryrkjabandalgið vekja sérstaka athygli á eftirfarandi sjónarmiði og ábendingu vistheimilanevndar sem fram kemur á bls. 344 í urmræddri skýrslu hennar til stjórnvalda:

*Með hliðsjón af stöðu og reynslu fólks með þroskahömlun almennt telur nefndin einnig mjög brýnt að skoða hvort uppgjör eigi að takmarkast við þá einstaklinga sem vistaðir voru sem börn eða taka til fólks með þroskahömlun almennt. Í því sambandi þarf einnig að skoða vandlega ábendingar sem forsætisráðuneytinu hafa borist um þörf á að skoða fleiri stofnanir eða staði þar sem börn hafa dvalið eða verið vistuð í gegnum tíðina.*

Proskahjálpar og Öryrkjabandalagið taka heilshugar undir þessa skoðun og ábendingu vistheimilanevndar og benda í þessu sambandi á að jafnvel þó að einstaklingar með þroskahömlun hafi náð þeim aldri að hafa verið sjálfráða þegar þeir voru vistaðir á Kópavogshæli eða öðrum sambærilegum stöðum voru ákvarðanir um vistun þeirra þar undantekningalítið teknar af öðrum en þeim sjálfum og mjög oft samkvæmt ráðleggingum stjórnvalda sem ekki buðu á þeim tíma upp á önnur úrræði fyrir þá og aðstandendur þeirra. Þessir einstaklingar höfðu því í raun vegna fötlunar sinnar, aðstæðna og úrræðaleyfis af hálfu stjórnvalda engin eða afar takmörkuð tækifæri til að hafa áhrif á þær ákvarðanir og réðu því almennt mjög litlu eða engu um dvalarstað sinn.<sup>3</sup>

10. janúar 2019.

Bryndís Snæbjörnsdóttir

Þuríður Harpa Sigurðardóttir

formaður Landssamtakanna Proskahjálpar

formaður Öryrkjabandalags Íslands

<sup>3</sup> Í þessu sambandi má m.a. benda á mál Ólafs Hafsteins Einarssonar sem fjölmiðlar hafa fjallað ítalega um. Ólafur var, ásamt fleiri fötluðum einstaklingum, vistaður á Bitru þar sem var rekið fangelsi af sömu aðilum og ríkið fól að annast þá fötluðu einstaklinga sem þar voru og var rekstur fangelsisins samtvinnaður vistun Ólafs og annarra fatlaðra vistmanna á Bitru með mjög óeðlilegum hætti.